

AMS KOMBI SKY NJARI

Notkunar-og uppsetninga leiðbeiningar



Fullkominn viðvörunarbúnaður sem skynjar própan, bútan, metan og svæfingargas.

1. Almenn

AMS Kombi skynjari er viðvörunartæki við gasleka og svæfingargasleka.

Skynjarinn skal tengdur við 12V DC jafnstraum.

Skynjarinn er með sérstaka skynjunarhæfileika og er hægt að nota hann sem venjulegan gasskynjara og einnig sem svæfingargasskynjara.

Viðvörunarkerfið í AMS Kombi skynjara er sérstaklega ætlað fyrir hjólhýsi, húsbíla og flutningabíla með svefnaðstöðu

2. Viðvörunarbúnaður.

Staðsetning: Hinar ýmsu gastegundir hafa mismunandi eðlisþyngd og hegða sér ekki eins ef þær leysast úr læðingi. Til þess að skynjarinn virki sem skyldi og fyllsta öryggis sé gætt er nauðsynlegt að fylgja vandlega eftir ábendingum um staðsetningarhæð.

Fljótandi gas (própan/bútan)

Fljótandi gas sem losnað hefur úr læðingi er þyngra en loft, sækir niður á gólf og dreifir sér þar.

Staðsetning skynjara skal vera ca 20 sm. frá gólfi og ef mögulegt nærri gastækjum.

3. Svæfingargasskynjari.

Þegar skynjarinn er notaður sem svæfingargasskynjari sendir hann tímalega frá sér viðvörun þegar yfirvofandi ef árás er með svæfingargasi. Kombi skynjarinn skynjar slíkt svæfingargas strax, **jafnvel áður en gasið breiðist út og hefur áhrif** og þar með sviftir viðkomandi viðbragðshæfni.

Skynjarinn gefur frá sér mjög háa viðvörun sem vekur fólk upp frá svefni. Þessi hávaði er nægilegur til að vekja upp nágranna og þarf af leiðandi beina athygli að árásinni/innbrotinu.

Skynjarinn skynjar uppgufum kolefna í svæfingargasi. Skynjarinn er forstilltur á mikla næmni.

Staðsetja skal skynjarann nálægt svefnplássi.

4.. Tenging

Rafmagnstenging eingöngu fyri 12V DC jafnstraum

Tilhliðrun: -10% /+20%

Mælt er með tengingu með leiðslu af eftirfarandi gerð

Ábending tengingar:

tvöfaldur rauður vír/svartur 2 x 0,34 mm² Liyz.

Tengið vírinn við stöð merkta +12V DC og, -12V DC

5. Gangsetning

Þegar tengingu er lokið er búnaðurinn gangsettur.

Stillið aðalrofann á I. Þá kviknar á gula ljósinu "ANLAUF". Bíðið þar til slökkvar á ljósinu eftir u.þ.b. 2 mínútur og síðan kviknar á rauða ljósinu "BETRIEB". Þá er tækið tilbúið. Næmni skynjarans stillist sjálfkrafa.

KombiAlarm er sérstaklega notað sem viðvörunartæki – það er ætlast til að .að sé í sambandi þótt hjólhýsið sé mannlaust.

Gult ljós ANLAUF

Grænt ljós BETRIEB

Rautt ljós ALARM

6. Prófun

Prófun á kerfinu þegar það er í gang (græna ljósið á) er skv. eftirfarandi:

Haldið venjulegum gaskveikjara fyrir framan raufar "SENSOR" og látið gas streyma frá honum án þess að kveikja eldinn.

Ef kerfið virkar rétt kemur viðvörunarhljóð eftir fáeinar sekúndur og rautt ljós kemur.

Viðvörunarhljóðið hverfur þegar gasið hefur gufað upp.

7. Viðvörun

Ef gas eða svæfingargas fer yfir þau nákvæmnisstillingarmörk sem eru í skynjaranum gefur hann strax frá sér viðvörun – hljóðstyrkur 85 db(A) / 3 m – með rauðu ljósi og sírenu. Opnið strax alla glugga og hurðar (ekki snerta rafmagnsrofa), skrúfið fyrir öll gastæki og kæfið opin eld.. Gangið úr skugga um að allir yfirgefi húsið strax.

Reynið að komast að ástæðum viðvörunar og reynið að komast fyrir orsökina. Setjið tækið sem þessu olli strax í viðgerð.

8. Ótímabær viðvörun

Þar sem skynjarinn er mjög næmur getur hann gefið ótímabæra viðvörun því hann svara einnig öðrum lofttegundum eins og t.d. hárlakks og annara úðunarefna, jafnvel miklum tóbaksreyk og uppgufun spritts og slíkra efna.

9. Tæknilegar upplýsingar

12V DC (-10% / + 20%)

Nákvæmnismörk/viðbrögð (við gasi)

Bútan gas(fljótandi gas) ca. 0.4% umlykjandi

Própan gas (fljótandi gas) ca. 0.5% umlykjandi

Metan gas (náttúrulegt gas) ca. 0.8% umlykjandi

Nákvæmnismörk / viðbrögð við svæfingargasi

Lægsta mögulegt frá ca. 100 milljónahlutar
(fer eftir tegund svæfingargass)

Hávaðastyrkur sírenu: ca. 85 db (A) / 3 m

Rafmagnsnotkun: ca. 90 mA (í hvíldarstöðu)

ca. 145 mA (í viðvörunarstöðu)

Hitamörk: -15°/ + 40°C

Höggþol IP 20 DIN 40 050

10. Mikilvægar ábendingar

Prófun þarf að framkvæma annað slagið sérstaklega ef tækið hefur verið lengi í hvíldarstöðu. Þá þarf að prófa tækið eins og að ofan greinir. Farið nákvæmlega eftir leiðbeiningum um staðsetningu skynjara Ef kerfið er notað í bifreiðum getur það farið af stað þegar slökkt er á vél. Ekki nota kerfið undir beru lofti.